



Starfsáætlun 2026-2027

Hjallatún





Starfsáætlun 2026-2027

Hjallatún

Vallarbraut 20

Reykjanesbær, 1. september 2026

Inngangur

Í þessari starfsáætlun er farið yfir helsta þróunar- og nýbreytnistarf sem áætlað er að fari fram í leikskólanum Hjallatúni starfsárið 2026-2027. Verkefni eru mörg eins og áður og er kennarahópurinn metnaðarfullur í að ná markmiðum skólaársins. Verkefni sem á hug okkar allan er dagskipulag Hjallatúns. Dagskipulagið er í endurskoðun og hafa mörg verkefni sprottið út frá því. Þessi verkefni eru í þróun og taka á sig nýja mynd með degi hverjum. Markmiðið með endurskoðun á dagskipulaginu er að bæta starfsumhverfi barna og fullorðinna innan skólans. Ný málstefna hefur litið dagsins ljós í Hjallatúni og höldum við áfram innleiðingu og þróun hennar. Haldið verður áfram að vinna að heilsueflandi vinnustað þar sem Hjallatún er þátttakandi í verkefninu Heilsueflandi skóli sem er verkefni á vegum Embættis landlæknis. Starfsumhverfi í leikskólanum er okkur hugleikið verkefni og erum við að rýna í það og reyna að bæta það svo starfsfólkinu líði vel í sínu starfi og þar af leiðandi börnunum. Það eru ótal áskoranir fram undan á þessu skólaári eins og svo oft áður. Kennarahópurinn er spenntur að takast á við veturinn en það eru margir sem eru að stíga sín fyrstu skref sem kennarar í leikskóla þannig að það er nauðsynlegt að vera með raunhæf markmið og ætla starfshópnum ekki of mikið þetta skólaár. Við þurfum að gefa okkur tíma til að þróa og endurskoða þætti í starfinu. Helsta markmiðið er að börnin fái að njóta þess að læra í góðu umhverfi, á sínum forsendum í leik og starfi í skólanum. Við tökumst á við starfið af virðingu, með framsækni og eldmóð að leiðarljósi.

Efnisyfirlit

1. Starfsáætlun 2026-2027.....	5
1.1 Hlutverk	5
1.2 Þjónustustig.....	5
1.3 Markmið og framtíðarsýn	5
1.4 Gæðamarkmið.....	12
1.5 Helstu verkefni á árinu.....	13
1.6 Skipulagsdagar.....	16
1.7 Foreldrasamstarf.....	16
1.8 Endurmenntun.....	17
Lokaorð.....	18
Heimildir	19
Viðaukar.....	19
Skóladagatal	19
Tölulegar upplýsingar	19

1. Starfsáætlun 2026-2027

1.1 Hlutverk

Fram kemur í lögum um leikskóla frá árinu 2008 að leikskólinn er fyrsta skólastigið og starfar samkvæmt því. Í fyrstu grein laganna segir að leikskólinn sé fyrsta skólastigið í skólakerfinu og sé fyrir börn undir skólaskyldualdri. Leikskólinn annast uppeldi, umönnun og menntun barna á leikskólaaldri í samræmi við lög þessi að ósk foreldra. Jafnframt segir í lögum að í leikskólum skal velferð og hagur barna hafður að leiðarljósi í öllu starfi. Veita skal börnum umönnun og menntun, búa þeim hollt og hvetjandi uppeldisumhverfi og örugg náms- og leikskilyrði. Stuðla skal að því að nám fari fram í leik og skapandi starfi þar sem börn njóta fjölbreyttra uppeldiskosta. Starfshættir leikskóla skulu mótað af umburðarlyndi og kærleika, jafnrétti, lýðræðislegu samstarfi, ábyrgð, umhyggju, sáttfýsi, virðingu fyrir manngildi og kristinni arfleifð íslenskrar menningar (lög um leikskóla, 2008).

1.2 Þjónustustig

Hjallatún er leikskóli fyrir börn á aldrinum 2 til 6 ára.

1.3 Markmið og framtíðarsýn

Þrjú lykilatriði í uppeldisstefnu Hjallatúns

Að efla sjálfspekkingar- og samskiptagreind barna.

Við leggjum sérstaka áherslu á að efla sjálfspekkingar- og samskiptagreind barna. Við leitumst við að gefa hverju einstöku barni tíma, hlusta á þau og ræða um líðan þeirra ásamt því að leggja sérstaka áherslu á nærveru, umhyggju og hlýju í leikskólastarfinu.

Einstaklingum með góða sjálfspekkingargreind líður betur og geta stjórnað tilfinningum sínum í stað þess að láta tilfinningarnar stjórna sér. Við kennum börnunum í gegnum leik að skilja aðra og láta sér lynda við þá. Við leiðbeinum þeim við að leysa deilur og læra sjálfstjórn. Við lítum svo á að samskiptagreindin sé mikilvægur grundvöllur fyrir velgengni og hamingju í lífinu.

Að kenna börnunum lýðræði, efla frumkvæði þeirra og styrkja sjálfsmynd.

Við teljum að börn eigi rétt á að taka þátt í ákvörðunum sem varða þeirra eigið líf. Með því að taka þátt í ákvörðunum lærir barnið lýðræði. Í Hjallatúni getur barnið að miklu leyti skipulagt leik sinn sjálft og á þann hátt haft mikil áhrif á daglegt líf sitt í leikskólanum. Með þessu lærir barnið að taka sjálfstæðar ákvarðanir sem vekur hjá því frumkvæði, ánægju og gleði og styrkir sjálfsmynd þess.

Að nota leikinn sem helstu náms- og þroskaleið barnsins.

Leikurinn er mikilvægasta náms- og þroskaleið leikskólabarnsins og í honum felst mikið sjálfsnám. Þegar börn leika sér eru þau að þroska með sér margvíslega hæfileika. Barn sem er að leika sér í hlutverkaleik (mömmuleik) er til dæmis að æfa sig í samskiptum og efla félagsleg tengsl og barn sem er í fjörugum Tarzan leik er að styrkja bein og vöðva.

Kannanir sem gerðar hafa verið meðal barna sýna, að börn telja sig fá of lítinn tíma og ekki nægan frið til leikja. Í Hjallatúni hlúum við vel að leiknum og forðumst allt óþarfa skipulag sem annars myndi trufla leikinn.

Hugmyndafræði Hjallatúns

Uppeldisstefna Hjallatúns byggist á þeirri samfélags- og mannsýn sem lýst verður hér á eftir.

Samfélag okkar er í stöðugri þróun, miklar breytingar og hraði eru daglegt líf allra þjóðfélagsþegna. Möguleikar ungs fólks til náms og starfs eru óþrjótandi.

Öld upplýsingatækninnar er runnin upp og samfélagið krefst fólks sem getur náð áttum í ringulreiðinni. Valið og hafnað í straumi tækifæra. Hugvit er orðið dýrmæt útflutningsvara þannig að skapandi og sjálfstæðir einstaklingar eru samfélaginu nauðsynlegir.

Nýjustu rannsóknir innan uppeldis- og sálarfræðinnar benda til að börn búi yfir meiri hæfileikum frá fæðingu en áður var haldið. Einnig hefur því verið haldið fram að í gegnum frjálsan leik geti barnið lært og þjálfað nánast alla hæfileika sem það þarf á að halda til að komast vel af í nútímapjóðfélagi.

Á síðustu árum hefur áhugi vísindamanna beinst í auknu mæli að persónugreindum fólks (sjálfsþekkingar- og samskiptagreind). Því hefur jafnvel verið haldið fram að hafa góðar persónugreindir séu undirstaða lífshamingjunnar. Meðal aðalsmerkja persónugreindanna eru: sjálfsvitund, samkennd, sjálfstjórn, félagsleg hæfni, einbeiting og agi. Skortur á þessum greindum getur leitt til vandamála á ýmsum sviðum í einkalífi sem og á vinnumarkaði og við öll mannleg samskipti.

Sú mannsýn sem við í Hjallatúni viljum hafa að leiðarljósi er að í hverjum manni býr auður og okkar hlutverk er að finna þann auð. Við viljum mæta einstaklingnum þar sem hann er sterkur og nýtur sín og leiða hann þaðan inn á brautir annars þroska þar sem hann hefur þörf á að styrkja sig. Til dæmis ef barn er mjög duglegt að syngja og dansa en hefur slakan félagsþroska væri hægt að styrkja félagsþroska þess með hringleikjum og dönsum þar sem fleiri börn tækju þátt.

Fjölgreindarkenningin

Í Hjallatúni er starfað útfrá kenningu um hæfileika manna svokallaðri Fjölgreindarkenningu. Sálfræðingur að nafni Howard Gardner setti fram kenningu um fjölgreindir árið 1983.

Fjölgreindarkenning Howards Gardners byggir á því að greind mannsins samanstandi af sjö eða fleiri jafngildum greindarsviðum. Þessi svið þroskast mismunandi og á ólíkum tíma hjá hverri manneskju. Greindarsviðin eru samtengd þannig að ef eitt svið þróast þá þroskast hitt. Allir einstaklingar læra ólíkt og fer það eftir því hvaða greindarsvið eru sterkust hjá þeim hvernig þeir bregðast við kennsluaðferðum. Fjölgreindarkenning Gardners undirstrikar einstaklingsmun og mikilvægi þess að koma til móts við þarfir hvers og eins. Mikilvægt er að nota ekki fjölgreindarkenninguna til þess að flokka einstaklingana og festa þá í einni greind, heldur til að hjálpa þeim að finna hvernig þeir geta best lært.

Gardner flokkaði greind manna í 8 flokka:

Málgreind – Rökgreind – Rýmisgreind – Líkams- og hreyfigreind – Tónlistargreind – Sjálfþekkingargreind – Samskiptagreind – Umhverfisgreind.

Innleiðing breytinga á Aðalnámskrá leikskóla

Við munum halda áfram innleiðingu breytinga á Aðalnámskrá leikskóla. Á síðasta skólaári gafst ekki mikill tími í þetta verkefni og ætlum við að bæta úr því í vetur. Allur starfsmannahópurinn mun koma að þessari vinnu en verður stýrt af stjórnendum skólans. Leitast verður við að tengja Menntastefnu Reykjanesbæjar ásamt Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og heildarstefnu Reykjanesbæjar, sem ber yfirheitið „Í krafti fjölbreytileikans“ inn í þessa innleiðingu.

Menntastefna Reykjanesbæjar - með opnum hug og gleði í hjarta

Menntastefna Reykjanesbæjar 2021-2030, *Með opnum hug og gleði í hjarta* er ætlað að veita leiðsögn og innblástur öllum þeim sem koma að starfi með börnum og ungmennum í sveitarfélaginu. Stefnan byggir á þremur leiðarljósum sem eiga að einkenna allt starf með börnum og ungmennum í sveitarfélaginu. Þau varða leiðina að farsæld barna þar sem allir sem koma að menntun og uppeldi eru mikilvægir þátttakendur (Menntastefna Reykjanesbæjar, 2021).



Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna

Barnvænt samfélag er verkefni hjá Reykjanesbæ sem felst í því m.a. að innleiða Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Þetta verkefni tengist inn í allt skólastarf Reykjanesbæjar og er það mikilvægur

áfangi í að gera bæinn að skilgreindu barnvænu samfélagi samkvæmt viðmiðum UNICEF (Reykjanesbær, 2020).

Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna



Í krafti fjölbreytileikans er heildarstefna Reykjanesbæjar sem tengir saman 12 Heimsmarkmið við áherslu stefnunnar. Stefnunni og Heimsmarkmiðunum er ætlað að leiða okkur í átt að framtíðarsýnni og hafa áhrif á starfsáætlanir og verkefnaval starfsmanna til ársins 2030. Stefnan nefnist eins og áður segir „Í krafti fjölbreytileikans“ sem vísar í fjölbreytilegan mannauð bæjarfélagsins. Stefnan samanstendur af framtíðarsýn, sex stefnuáherslum og þremur gildum. Heimsmarkmiðin eru síðan tengd hverri stefnuáherslu en þær eru; *börnin mikilvægust, vellíðan íbúa, vistvænt samfélag, fjölbreytt störf, kraftur fjölbreytileikans og skilvirk þjónusta*. (Reykjanesbær, 2020).

Innleiðing

Við höldum áfram vinnu við innleiðingu á Barnasáttmálanum, Heimsmarkmiðunum, og þeim helstu áherslum í stefnu bæjarins líkt og við höfum verið að gera sl. skólaár.

Starfsumhverfi – setjum súrefnisgrímuna fyrst á okkur sjálf



Starfsumhverfi í leikskóla er okkur mjög ofarlega í huga eins og á fyrra skólaári. Það getur verið erfitt að fá fólk til starfa í leikskóla í dag og við spyrjum okkur hver ástæðan er. Oft er talað um álag og hávaða í þessu samhengi og viljum við gera allt til að draga úr þessu tvennu. Við erum með sjö nýja starfsmenn í skólanum þetta haust og er það mikil áskorun. Við viljum þjálfa nýtt fólk vel og kenna því réttu handtökin í leikskólanum en á sama tíma þurfum við að hugsa um lykilstarfsmenn hjá okkur svo stoðirnar haldi í gegnum þetta verkefni. Við höfum sett okkur það markmið að gera allt sem við getum til þess að bæta starfsumhverfið í leikskólanum fyrir starfsfólkið og börnin. Við viljum að leikskólastarfið sé aðlaðandi og spennandi starfsvettvangur. Til þess að geta veitt börnunum gott og öruggt starfsumhverfi þurfum við fyrst að huga að starfsfólkinu, vera með góða nýliðaþjálfun og setja súrefnið fyrst á það. Starfsmenn í leikskóla vilja geta mætt til starfa á sína starfsstöð og vita fyrirfram hvernig dagurinn er skipulagður og hvað er ætlast til af þeim og geta unnið eftir settum markmiðum. Að keyra skóla á faliðastefnu á að vera undantekning frá skipulaginu, því að gera það í vikur og mánuði grefur undan starfsumhverfinu í leikskólanum. Við þurfum að huga að starfsfólkinu og það er okkar helsta markmið svo það sé hægt að byggja upp gott og heilbriggt námsumhverfi í leikskólanum.

Dagskipulag endurskoðað



SAMVINNA

Okkar helsta þróunarverkefni undanfarin ár er dagskipulagið í leikskólanum. Það er í endurskoðun með það að leiðarljósi að minnka hávaða og draga úr streitu barna og fullorðinna. Stjórnendahópurinn ásamt starfsfólki skólans hefur unnið að því að endurskoða dagskipulagið frá því á síðasta skólaári og munum við gera einhverjar breytingar fyrir þetta ár. Það er mikil þörf á að bæta starfsumhverfi barna og starfsfólks í skólanum þar sem oft er mikill hávaði og álag. Við teljum það vera sóknarfæri í dagskipulaginu okkar að skoða það út frá barnahópnum, starfsmannahópnum, tíðarandanum og öðrum utanaðkomandi breytum. Við ætlum að einfalda starfið og auka stundir sem við erum í minni hópum. Það er erfitt fyrir alla að vera staddir í „100 barna afmæli“ fimm daga vikunnar frá kl. 07:45–16:15.

Fjölgreindarkenningin

Í Hjallatúni höfum við fjölgreindarkenningu Howard Gardners að leiðarljósi. Sú upplifun er í starfsmannahópnum að hún hafi aðeins fallið í skugga hjá okkur undanfarin ár og langar okkur að endurvekja hana í leik og starfi. Við munum gera það samhliða því að skoða dagskipulagið. Það er mikilvægt að allur starfsmannahópurinn taki þátt í þessari vinnu og að hópurinn þekki kenninguna vel. Í vetur ætlum við að bjóða markvisst upp á tónlistargreind, hreyfigreind og umhverfisgreind. Þessi stund mun fara fram á föstudögum og er það val fyrir börnin að fara í hana.

Reglur og agi í Hjallatúni

Hjallatún er opinn leikskóli og byggjum við starfið okkar á flæði. Þegar frelsið og flæðið eru ríkjandi er mikilvægt að hafa reglur sem allir þekkja. Starfsmannahópurinn var sammála um að það þyrfti að skerpa á reglum í Hjallatúni. Þá þurfum við að ákveða hvaða reglur eru í gildi og hvar þær gilda. Það bætir starfsumhverfið að allir séu á sömu blaðsíðu og öruggir í því sem verið er að gera. Við ætlum að halda áfram með þessa vinnu á skipulagsdegi í september.

Aldursblöndun

Á síðasta skólaári voru vestur- og austurgangur aldursblandaðir sem kom vel út. Gangarnir endurspeglu hvorn annan og starfið verður líkara. Þessi hugmynd kviknaði út frá þeirri vinnu við að minnka álag og hávaða. Með því að blanda aldrinum verður álagið jafnara á göngunum þar sem mörg börn geta hjálpað sér sjálf á meðan önnur þurfa meiri hjálp í daglegum aðstæðum. Einnig teljum við mikinn ávinning fyrir börnin að vera með eldri börnum því þau læra best hvert af öðru. Þau læra tillitsemi, hjálpsemi og að setja sig í spor annarra. Verkefnið er enn þá í þróun og fengum við nýja áskorun þetta skólaárið þar sem við tókum inn yngri börn og varð aldursblöndun enn meiri í húsinu en áður. Kannski má búast við að aldursblöndun verði ekki alltaf sú sama á deildum skólans. Það þarf að taka tillit til stærðar árganga sem fara út úr skólanum og koma inn í hann.

Vinnustundir

Í kjölfar endurskoðunar á dagskipulagi höfum við ákveðið að breyta vinnustundunum í stöðvavinnu. Við erum enn þá í þróunarvinnu með þessar stundir með það að leiðarljósi að starfsmennirnir ráði vel við þær og að börnin fái sem mest út úr þeim. Við höldum áfram að tengja orðalistaverkefnið við vinnustundirnar og hefur það gengið vel sl. ár. Við ætlum að tengja fjölgreindirnar betur inn í Hringekjuna og vinnustundirnar og gera þær sýnilegri og markvissari í starfinu. Á þessu skólaári ætlum við að bjóða markvisst upp á tónlistargreind, hreyfigreind og umhverfisgreind. Vinnustundirnar verða með þeim hætti að einn kennari verður á hverri stöð og börnin fara í fámennum hópum á milli stöðva. Unnið verður markvisst á hverri stöð í stuttan tíma. Með þessari leið ýtum við undir að nýta mannauðinn betur og börnin fá að njóta allra kennaranna. Þessi hugmynd er í þróunarferli. Við leggjum áfram áherslu á minni hópa og að stuðla að því að starfsfólki líði vel með það sem það er að gera í krafti fjölbreytileikans.

Einstaklingsmöppur

Í gegnum árin hafa börnin fengið einstaklingsmöppur í leikskólanum. Þær hafa tekið á sig nokkrar myndir á þessum árum en nú ætlum við að halda þeirri vinnu áfram sem byrjað var á á síðasta skólaári. Í byrjun leikskóladvalar fá börnin val um að koma með hvíta harðspjaldamöppu eða að leikskólinn kaupi fyrir barnið og foreldrar greiða möppuna. Mappan á að endurspegla leikskólastarfið hjá barninu og sjáum við fyrir okkur góðar stundir þegar barnið skoðar möppuna sína og rifjar upp minningar úr leikskólagöngu sinni.

Í máli og myndun - þróunarverkefni



OPNUM HUGANN

Meginmarkmið verkefnisins er að auka orðaforða allra barna í leikskólanum svo öll nái góðu valdi á íslenskri tungu. Mikil áhersla hefur verið á að leita leiða til að efla kennara í að veita fjöltyngdum börnum og börnum sem eiga við málþroskaraskanir tækifæri til að tjá sig með óhefðbundnum samskiptaleiðum. Eftir góða ígrundun og hugmyndavinnu um hvernig hægt væri að efla íslenskukunnáttu barna í leikskólanum hófst markviss vinna í Hjallatúni með orðaforðalista sem Menntamálastofnun gaf út árið 2017. Orðaforðalistinn er verkfæri fyrir leikskólakennara og foreldra til að efla orðaforða barna. Listinn inniheldur hugtök sem æskilegt er að börn á leikskólaaldri hafi á valdi sínu. Verkefnavinnan samanstendur af því að taka myndir af öllu sem tilheyrir orðaforðalistanum, setja upp verkefni sem henta hverjum orðflokki, aldursskipta verkefnunum þannig að þau henti hverjum aldurshópi og setja verkefnin fram þannig að þau séu aðgengileg, auðveld í notkun og góð að grípa í við hvert tækifæri. Stór þáttur verkefnavinnunnar fer fram í tölvuvinnslu, útprentun, klippivinnu, plöstun, leit að hentugu íláti til að geyma verkefni í og ígrundun um hvernig hægt er að gera verkefnin aðgengileg kennurum. Við ætlum að halda áfram að leggja áherslu á að tengja orðalistaverkefni inn í vinnustundir og er markmiðið að það verði rauði þráðurinn í öllu starfinu

okkar í ár. Einnig höfum við tengt verkefnið við lykilþætti Reykjanesbæjar sem eru eldmóður, framsækni og virðing. Það má með sanni segja að hjá starfsfólki okkar sé mikill eldmóður til að gera vel og framsækni í að gera betur, auk virðingar fyrir ólíkum tungumálum og vilja til að hjálpa börnunum að efla sig í tungumálinu þannig að þau geti verið virkir þátttakendur í íslensku samfélagi. Verkefnið tengist einnig stefnu Reykjanesbæjar, í krafti fjölbreytileikans, og menntastefnu bæjarins.

Íslenskukennsla



40% barnanna í Hjallatúni eru tvítyngd og vegna þess höfum við fengið leyfi fyrir 50% stöðugildi í verkefnastjórnun. Í dag er leikskólakennari verkefnastjóri yfir verkefninu sem er stórt og yfirgripsmikið. Vinna verkefnastjórans felst meðal annars í því að efla verklag og umhverfi leikskólans í samstarfi við starfsfólk þannig að það styðji sem best við íslenskunám allra barna, veita starfsfólki og foreldrum ráðgjöf, ásamt því að veita deildarstjórum stuðning við málörvun tvítyngdra. Einnig kemur verkefnastjórinn að þjálfun barnanna. Verkefnastjórinn hefur í samstarfi við íslenskuteymið í leikskólanum útbúið bækling fyrir foreldra. Í honum er að finna góð ráð til að efla íslensku hjá öllum börnum en þar eru einnig upplýsingar um hvað leikskólinn er að gera til að efla málþroska og hvað foreldrar geta gert. Bæklingurinn er einnig gefinn út á ensku og pólsku.

Málstefna Hjallatúns

Við höldum áfram að innleiða málstefnu Hjallatúns. Eitt af markmiðunum þetta skólaár er að koma á góðu samstarfi við foreldra og upplýsa þá um hvað við erum að gera í leikskólanum svo þeir geti unnið með sömu markmið heima á sínu tungumáli. Einnig ætlum við að gefa foreldrum hugmyndir að því hvaða mismunandi efni er gott að nota t.d. í smáforritum, bókum, sjónvarpi og öðru efni á veraldarvefnum.

Tónakista

Leikskólinn á nýtt námsefni í tónlistargreind sem heitir Tónakistan. Markmið Tónakistunnar er að efla tónlistariðkun hjá ungum sem fullorðnum á einfaldan hátt. Það þarf ekki útlært tónlistarfólk til þess að stunda skapandi tónlistariðkun ef réttu verkfærin eru til staðar. Tónakistan er full af hljóðfærum, leikjum og skapandi verkefnum sem taka stuttan tíma og er auðveld í framkvæmd. Þetta er einföld og þægileg leið til þess að virkja tónlist og sköpun hjá börnum. Markmiðið er að öll börn í Hjallatúni fái að njóta þess að vinna með Tónakistuna. Verkefnið í vetur verður að koma Tónakistunni markvisst inn í dagskipulagið og að allir kennarar læri að nota hana svo hægt sé að vinna með hana með börnunum.

Sérkennslan – Teymisvinna

Við höldum áfram með þróunarvinnu í sérkennslu og að koma henni yfir í teymisvinnu. Þetta er gert með það að leiðarljósi að sérkennslan verði markvissari og skilvirkari fyrir börnin. Einnig er markmiðið að styðja betur við starfsfólkið sem er í teyminu og að það verði öruggara í starfi. Teymið vinnur saman og nýtist öllum börnunum í sérkennslunni. Sérkennslustjóri og þroskajálfar skólans bera ábyrgð á því að þau börn sem þurfa sérstaka þjálfun fái hana. Börnin eru mikilvægust.

Uppeldi sem virkar færni til framtíðar

Uppeldi sem virkar – færni til framtíðar er sú uppeldisaðferð sem leikskólar Reykjanesbæjar styðjast við. Markmiðið hjá okkur í vetur er að innleiða aðferðirnar hjá starfsmannahópnum. Við viljum sjá að allt starfsfólk þekki þessar aðferðir og geti nýtt sér þær í starfinu. Reykjanesbær býður foreldrum upp á námskeið í Uppeldi sem virkar – færni til framtíðar sem gerir það að verkum að auðveldara er fyrir heimili og skóla að samræma sig í uppeldisaðferðum. Við stuðlum að faglegu menntasamfélagi.

Farsældarlögin

Innleiðing á farsældarlögunum heldur áfram. Þetta verkefni er stórt og viðamikilið og mun það taka tíma að innleiða það. Það er á áætlun að kynna farsældarlögin betur fyrir starfsmannahópnum í september. Sérkennslustjóri og aðstoðarleikskólastjóri eru tengiliðir farsældar í Hjallatúni.

Vináttuverkefni



Við höldum áfram að innleiða Vináttuverkefni Barnaheilla. Verkefnið felst í því að fyrirbyggja einelti og móta góðan skólabrag. Áhersla er lögð á að efla góð samskipti, félagsfærni og jákvætt viðhorf til allra í hópnum. Þetta verkefni stuðlar að markmiðum Reykjanesbæjar í *Krafti fjölbreytileikans og Börn eru mikilvægust*.

1.4 Gæðamarkmið

Innra mat síðasta skólaárs fór fram, lagðar voru kannanir fyrir starfsfólk og foreldra. Foreldrasamtöl á haustönn voru hluti af endurmati auk þess sem farið var yfir alhliða þroska barnsins og líðan í leikskólanum. Niðurstöður þessara kannana voru kynntar starfsfólki og foreldrum og voru þær nýttar við matið og gerð þessarar starfsáætlunar.

Yfirlit innra mats 2025-2026:

Október 2025	Starfsmannakönnun Maskínu á vegum Reykjanesbæjar.
--------------	---

Janúar 2026	Foreldrasamtöl.
Febrúar 2026	Starfsmannakönnun Skólapúlsins.
Maí 2026	Starfsmannakönnun Maskínu á vegum Reykjanesbæjar.
Janúar-maí 2026	Endurmat starfsmannahópsins á Orðalistaverkefni og vinnustundum.
Júní 2026	Endurmat starfsmannahópsins á starfinu með spurningum samdar af leikskólastjórum.

Áætlun innra mats 2026-2027:

Rafrænar kannanir verða lagðar fyrir foreldra, kennara til að meta afmarkaða þætti starfsins.
Foreldrakönnun á vorönn 2027.
Starfsmannasamtöl við stjórnendur, kennara á haustönn 2026.
Foreldrasamtöl í desember 2026.
Endurmat á stjórnendafundum.
Símat á stjórnendafundum.
Endurmat í hópum á skipulagsdögum og á deildarfundum um afmarkaða þætti starfsins.
Símat fer fram hjá sérkennslustjóra og kennurum sem sjá um sérkennslu.
Efi-2 málþroskaskimun og Hljóm-2 – Athugun á hljóð og málvitund leikskólabarna.

1.5 Helstu verkefni á árinu

Samantekt yfir helstu verkefni, markmið þeirra og hvaða kennarar og teymi hafa yfirumsjón og bera ábyrgð á verkefnunum.

Helstu verkefni	Áhersluatriði	Umsjón og ábyrgð
Í krafti fjölbreytileikans – Innleiðing á stefnuáherslum Reykjanesbæjar sem tengjast heimsmarkmiðum sameinuðu þjóðanna.	- Börnin mikilvægust. - Velliðan íbúa. - Vistvænt samfélag. - Kraftur fjölbreytileikans.	Stjórnendateymið.
Innleiðing Menntastefnu Reykjanesbæjar 2021-2030.	- Faglegt menntasamfélag. - Við og jörðin. - Sköpunargleði. - Mér líður vel. - Allir með. - Opnum hugann.	Stjórnendateymið.
Vinnustundir og skólamappa	- Bæta starfsumhverfi. - Vinna markvisst. - Styðja við starfsfólk.	Stjórnendateymið.

	- Teymisvinna. - Mæta börnunum. - Börnin eru mikilvægust. - Fjölgreindarkenningin.	
Mál og læsi		
Markviss málörvun.	- Orðaspjall. - Hljóðkerfisvitund. - Bína. - Lubbi.	Stjórnendateymið.
Söngur, sögur og gleði	- Málörvun. - Leikir. - Söngur. - Allir með.	Verkefnastjóri
Í máli og myndum.	- Orðaforði. - Stuðla að góðri íslensku. - Í krafti fjölbreytileikans. - Myndrænn skóli.	Íslenskuteymið.
Íslenskukennsla.	- Allir með. - Börnin eru mikilvægust. - Opnum hugann. - Fræðsla og stuðningur. - Bæklingur.	Íslenskuteymið.
Málstefna.	- Íslensk málumhverfi. - Allir læri góða íslensku. - Allir með.	Stjórnendateymið
Hljóm-2	- Leggja hljóm fyrir. - Skipuleggja aðgerðaráætlun - Frásagnarhæfni.	Deildarstjórar og verkefnistjóri.
Heilbrigði og vellíðan		
Sérkennsla	- Ráðgjöf og stuðningur - Efi -2. - Málörvun og félagsfærni.	Sérkennslustjóri.
Farsældarlögin	- Innleiðing. - Verkferlar skýrast. - Börn eru mikilvæg.	Stjórnendateymið.
Skipulögð kennsla	- Sérkennsla. - Í krafti fjölbreytileikans. - Mál og læsi.	Sérkennslustjóri og stuðningskennarar.
Heilsueflandi leikskóli	- Heilbrigði og vellíðan. - Mér líður vel. - Allir með. - Lýðræði og mannréttindi.	Heilsuteymið og skólastjórnendur.
Foreldrakaffi	- Efla tengsl heimilis og skóla. - Vellíðan íbúa. - Kraftur fjölbreytileikans í barna-, foreldra- og kennarahópnum.	Stjórnendateymið.
Skólabragur	- Áhersla á íslenska tungu. - Vinnustaðamenning.	Stjórnendateymið.

	- Virðing. - Jákvæðni. - Gleði.	
Dagskipulag	- Endurskoðað dagskipulag. - Draga úr streitu og álagi. - Börnin í fyrirrúmi. - Tíðarandi. - Starfsmannahópurinn. - Barnahópurinn.	Stjórnendateymið.
Lýðræði og jafnrétti		
Hringekja	- Frjálsi leikurinn. - Nýta rýmið í skólanum. - Hlutverk kennarans. - Lýðræði. - Sjálfstæði. - Fjölgreindarkenningin.	Deildarstjórar.
Barnið í brennidepli	- Vinna samkvæmt árganganámskrá - Mætum börnunum þar sem þau eru stödd. - Styrkleikar barnsins eru hafðir að leiðarljósi.	Deildarstjórar og sérkennslustjóri.
Vináttuverkefni	- Umburðarlyndi. - Virðing. - Umhyggja. - Hugrekki.	Deildarstjórar.
Sköpun og menning		
Sköpun og menning	- Verðlaus efniviður. - Áhersla á ferlið. - Nærsamfélagið. - Menningarviðburðir. - Menning innan skólans.	Skólastjórnendur og deildarstjórar.
Listahátíð barna - Baunin	- Börnin eru þátttakendur - Sköpun. - Menning Reykjanesbæjar.	
Sjálfbærni og vísindi		
Grænfáni	- Endurvinnsla. - Flokkun. - Ræktun. - Fræðsla.	Grænfánateymi.
Vísindasmiðja	- Tækifæri til að rannsaka. - Tækifæri til að uppgötva. - Ný og spennandi viðfangsefni.	
Önnur verkefni		
Starfsmannasamtöl	- Velliðan starfsmanna. - Faglegt menntasamfélag. - Innra mat.	Skólastjórnendur og deildarstjórar.
Starfsmannakönnun Skólapúlsins 2027	- Börnin mikilvægust. - Faglegt menntasamfélag. - Innra mat.	Skólastjórnendur.

Starfsumhverfi	- Stytting vinnuvikunnar. - Nýta húsnæðið og rýmin. - Vinna í litlum hópum. - Hljóðvist. - Faglegt menntasamfélag. - Draga úr streitu. - Starfsmannahandbók. - Vernda börn og starfsfólk.	
----------------	--	--

Umsjón og ábyrgð

- Leikskólastjóri: Ólöf Magnea Sverrisdóttir.
- Aðstoðarleikskólastjóri: Sara Líf Kastbjerg Sveinsdóttir.
- Sérkennslustjóri: Björg Árnadóttir.
- Verkefnastjóri: Elsa Pálsdóttir.
- Deildarstjórar: Anna Jóna Úlfarsdóttir, Anneleen De Saegher, Katarzyna Baginska, Íris Birgitta Hilmarsdóttir, Eydís Eva Hólmbergssdóttir og Salome Perla Rúnarsdóttir.
- Öryggistrúnaðarmenn: Sara Líf Kastbjerg Sveinsdóttir og Björg Árnadóttir.
- Grænfánateymið: Anna Jóna Úlfarsdóttir, Anneleen De Saegher.
- Heilsuteymið: Sara Líf Kastbjerg Sveinsdóttir og Björg Árnadóttir.
- Íslensku teymið: Elsa Pálsdóttir, Dominika Trembecka, Sara Líf Sveinsdóttir og Katarzyna Baginska.
- Stjórnendateymið: Ólöf Magnea Sverrisdóttir, Sara Líf Kastbjerg Sveinsdóttir, Elsa Pálsdóttir, Björg Árnadóttir, Anna Jóna Úlfarsdóttir, Anneleen De Saegher, Katarzyna Baginska, Íris Birgitta Hilmarsdóttir, Eydís Eva Hólmbergssdóttir, Salome Perla Rúnarsdóttir.

1.6 Skipulagsdagar

Fimm skipulagsdagar verða haldnir þetta árið þ.e.

Skipulagsdagur 11. september 2026
Skipulagsdagur 6. nóvember 2026
Foreldrasamtöl 4. desember 2026
Skipulagsdagur 22. janúar 2027
Skipulagsdagur 14. mars 2027

1.7 Foreldrasamstarf

Í Hjallatúni er lögð mikil áhersla á gott samstarf við foreldra. Það er gert með ýmsum viðburðum og uppákomum. Á degi hverjum skilja foreldrar það dýrmætasta sem þeir eiga eftir í höndum okkar í leikskólanum og það er mikilvægt að það ríki traust á milli foreldra og starfsmanna. Við leggjum áherslu á gott upplýsingaflæði til foreldra og notum þá helst heimasíðu skólans, Völu, Facebook og tölvupósta. Í hverri viku er sendur vikupóstur til foreldra sem er gerður í Sway. Það hefur reynst okkur vel undanfarin

ár að koma upplýsingum áleiðis á þennan hátt til að auka líkur á virkri þátttöku foreldra. Þess má geta að þessar síður eru í stöðugri þróun þannig að þær nýtast leikskólanum og foreldrum sem best.

Foreldraráð

Samkvæmt lögum um leikskóla sitja þrír foreldrar í foreldraráði. Eftirfarandi foreldrar sitja í ráðinu: Lilja Sóley Hermannsdóttir, Guðrún Rannveig Guðjónsdóttir og Stefani Ann Rossouw. Hlutverk foreldraráðs er að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiriháttar breytingar á leikskólastarfi.

Foreldrasamtöl

Í október fá foreldrar upplýsingar um hvað er fram undan í starfinu og hvernig skipulagi skólans verður háttað. Foreldrasamtöl verða í desember en í þeim er farið yfir líðan og þroska barnsins. Á þessu skólaári fara samtölin öll fram á skipulagsdegi og leikskólinn verður lokaður þann dag þ.e. börnin mæta ekki þennan dag í leikskólann.

1.8 Endurmenntun

Við leggjum áherslu á að starfsfólk sækir sér endurmenntun og er hún allt árið um kring. Á skipulags- og starfsdögum eru oft námskeið og/eða fyrirlestrar sem allur starfsmannahópurinn sækir saman. Starfsmenn hafa svo tækifæri til að sækja námskeið og/eða ráðstefnur sem fara vel með þeim verkefnum sem verið er að vinna að í leikskólanum eða sem vekja áhuga starfsmanna.

Vinnustaðamenning, samskipti o.fl.
Uppeldi sem virkar – færni til framtíðar
Fræðsla skipulögð af stjórnendum skólans
Netfyrirlestur Rými og efniviður – Sigríður Síta
Netfyrirlestur Leikurinn – Sigríður Síta
Netfyrirlestur Fyrstuskrefin – Sigríður Síta
Námsferð Berlín
Annað sem ekki hefur verið staðfest

Lokaorð

Í þessari starfsáætlun er farið yfir verkefni skólaársins 2026-2027. Verkefnin eru fjölbreytt líkt og áður og lagt er upp með að tengja saman markmið leikskólans og Reykjanesbæjar. Markmiðið er að þessi áætlun nýtist þeim sem vinna eftir henni og voru þátttakendur í að móta hana. Það bíða okkar mörg skemmtileg verkefni og áskoranir sem starfsmannahópurinn er spenntur að takast á við sem ein heild.

Ólöf Magnea Sverrisdóttir, skólastjóri

Sara Líf Kastbjerg Sveinsdóttir, aðstoðarskólastjóri

		
VIRÐING	ELDMÓÐUR	FRAMSÆKNI
VIÐ BERUM VIRÐINGU HVERT FYRIR ÖÐRU, ERUM UMBURDARLYND GAGNVART ÓLÍKRI MENNINGU OG MISMUNANDI ADSTÆÐUM.	VIÐ TÖKUMST Á VIÐ FJÖLBREYTTAR ÁSKORANIR AF ÞRAUTSEIGJU OG ELDMÓÐI . SÝNUM FRUMKVÆÐI OG ERUM STOLT AF OKKAR FRAMLAGI	VIÐ MÆTUM FRAMTÍÐINNI MEÐ ÁRÆÐNI OG ERUM FRAMSÆKIN VIÐ ÞRÓUN NÝRRRA LAUSNA.

Foreldraráð hefur kynnt sér þessa áætlun og samþykkir hana:

Guðrún Rannveig Guðjónsdóttir
Hilja Söley Hermannsdóttir
Stefán Þrossoum

Heimildir

Aðalnámskrá leikskóla (2011). Reykjavík: Menntamálaráðuneytið.

Embætti landlæknis (2021). <http://www.landlaeknir.is/heilsa/oglidan/verkefni/item30702/Heilsueflandi-leikskoli>

Lög um leikskóla (2008). <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2008090.html>

Reykjanesbær. (2020). Heimsmarkmiðin-stefna Reykjanesbæjar. <https://www.heimsmarkmidin.is/forsida/verkefni/stakt-verkefni/?itemid=700a49ec-733d-11ea9458-005056bc530c>

Reykjanesbær. (2021). *Menntastefna Reykjanesbæjar 2021-2030. Með opnum hug og gleði í hjarta.*



Reykjanesbær: Reykjanesbær



Reykjanesbær. (2023). Samstarfsverkefni allra leikskóla í Reykjanesbæ <https://www.reykjanesbaer.is/is/stjornsysla/rnb/frettir/samstarfsverkefni-allra-leikskola-i-reykjanesbae>

Viðaukar


Skóladagatal

Tölulegar upplýsingar





Fjöldi barna í sérkennslu



Samband íslenskra
sveitarfélaga

Leikskóladagatal 2026 - 2027

Nafn leikskóla

Hjallatún

ÁGUST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NÓVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRÍL	MAÍ	JÚNÍ
1 L	1 Þ	1 F	1 S	1 Þ	1 F	1 M	1 M	1 F	1 L	1 Þ
2 S	2 M	2 F	2 M	2 M	2 L	2 Þ	2 Þ	2 F	2 S	2 M
3 M	3 F	3 L	3 Þ	3 F	3 S	3 M	3 M	3 L	3 M	3 F
4 Þ	4 F	4 S	4 M	4 F	4 M	4 F	4 F	4 S	4 Þ	4 F
5 M	5 L	5 M	5 F	5 L	5 Þ	5 F	5 F	5 M	5 M	5 L
6 F	6 S	6 Þ	6 F	6 S	6 M	6 L	6 L	6 Þ	6 F	6 S
7 F	7 M	7 M	7 L	7 M	7 F	7 S	7 S	7 M	7 F	7 M
8 L	8 Þ	8 F	8 S	8 Þ	8 F	8 M	8 M	8 F	8 L	8 Þ
9 M	9 M	9 F	9 M	9 M	9 L	9 Þ	9 Þ	9 F	9 S	9 M
10 M	10 F	10 L	10 Þ	10 F	10 S	10 M	10 M	10 L	10 M	10 F
11 Þ	11 M	11 F	11 M	11 F	11 M	11 F	11 F	11 S	11 Þ	11 F
12 M	12 F	12 L	12 F	12 L	12 Þ	12 F	12 F	12 M	12 M	12 L
13 F	13 M	13 Þ	13 F	13 S	13 M	13 L	13 L	13 Þ	13 F	13 S
14 F	14 M	14 M	14 L	14 M	14 F	14 S	14 S	14 M	14 F	14 M
15 L	15 Þ	15 F	15 S	15 Þ	15 F	15 M	15 M	15 F	15 L	15 Þ
16 S	16 M	16 F	16 M	16 F	16 L	16 Þ	16 Þ	16 F	16 S	16 M
17 M	17 F	17 L	17 Þ	17 F	17 S	17 M	17 M	17 L	17 M	17 F
18 Þ	18 M	18 M	18 L	18 F	18 M	18 F	18 F	18 S	18 Þ	18 F
19 M	19 L	19 M	19 F	19 L	19 Þ	19 F	19 F	19 M	19 M	19 L
20 F	20 S	20 Þ	20 F	20 S	20 M	20 L	20 L	20 Þ	20 F	20 S
21 F	21 M	21 M	21 L	21 M	21 F	21 S	21 S	21 M	21 F	21 M
22 L	22 Þ	22 F	22 S	22 Þ	22 M	22 M	22 M	22 F	22 L	22 Þ
23 S	23 M	23 F	23 M	23 L	23 F	23 S	23 S	23 M	23 S	23 M
24 M	24 F	24 L	24 M	24 F	24 M	24 F	24 F	24 M	24 L	24 F
25 Þ	25 F	25 S	25 M	25 F	25 M	25 F	25 F	25 M	25 Þ	25 F
26 M	26 L	26 M	26 F	26 L	26 Þ	26 F	26 F	26 M	26 M	26 L
27 F	27 S	27 Þ	27 F	27 S	27 M	27 L	27 L	27 Þ	27 F	27 S
28 F	28 M	28 M	28 L	28 M	28 F	28 S	28 S	28 M	28 F	28 M
29 L	29 Þ	29 F	29 S	29 Þ	29 F	29 M	29 M	29 L	29 M	29 Þ
30 S	30 M	30 M	30 L	30 M	30 F	30 S	30 S	30 M	30 S	30 M
31 M	31 L	31 M	31 F	31 S	31 M	31 F	31 F	31 M	31 L	31 M



REYKJANESBÆR
Í KRAFTI FJÖLBREYTLEIKANS

